



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

168. FUNDUR SKÓLANEFNDAR

11. febrúar 1992

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Gestur Pétursson, Gísli Torfa-
son, Guðjón Kristjánsson, Kristbjörn Albertsson, Magnús
Óskar Ingvarsson, Hjálmar Árnason, skólameistari og Jón
Sæmundsson, fjármálastjóri.

Dagskrá: 1. Fjármál og niðurskurður
2. Húsnæðismál
3. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á 1. fund ársins.
Síðan var gengið til dagskrár.

1. **Fjármál og niðurskurður.** Skólameistari skýrði frá gangi mála síðustu mánuði. Samþykkt var að senda bréf til Mennta-
málaráðuneytisins þar sem farið er fram á að Fjölbrauta-
skóli Suðurnesja fái sama kvóta og sambærilegir skólar, enda
hafi í skólanum verið unnið markvisst að hagræðingu á undan-
förnum árum.
2. **Húsnæðismál.** Samþykkt að fela skólameistara að segja tíman-
lega upp leiguhúsnæði að Iðavöllum og samningi vegna nota
skólans á Íþróttahúsi Keflavíkur frá næstu mánaðamótum,
náist ekki hagstæðari samningar um leigugjöld af Íþróttahúsinu.
3. **Önnur mál.**
 - a) Borist hefur bréf frá Vatnsleysustrandarhreppi vegna
nýs varamanns í stjórn FS. Skólameistara falið að svara
því.
 - b) Borist hefur ósk frá Ásu Einarsdóttur um skipun í
starf. Ákveðið að fresta afgreiðslu erindisins vegna
óvissuástands á niðurskurðartímum.

Fleira ekki gert og fundi slitið


Sigríður Jóhannesdóttir
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari